

Nr. 19-091 S 060 Bjarmi**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7810
Útgerð: Skútusiglingar ehf
Smíðaður: Noregur 2016, trefjaplast
Stærð: 11,52 bt
Mesta lengd: 10,66 m Skráð lengd: 10,58 m
Breidd: 3,32 m Dýpt: 2,0 m
Vél: Yanmar 257 kw, 2016
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 9



Bjarmi©Vilhjálmur Ólafsson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. júní 2019 var farþegabáturinn Bjarmi á siglingu með farþega í Jökulfjörðum. Veður: SSA 13 m/sek (*Straumnes*).

Neyðarkall barst Vaktstöð siglinga (*VSS*) frá Bjarma og tilkynnt að báturinn væri vélarvana og væri að reka upp í Grunnvík í Jökulfjörðum. Björgunarskipið Gísli Jóns frá Ísafirði var kallaður út sem og þyrta Landhelgisgæslunnar. *VSS* hafði samband við báta á svæðinu en farþegabáturinn Ingólfur dró Bjarma áleiðis til Ísafjarðar og síðan tók björgunarskipið Gísli Jóns við drættinum til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var 200 til 300 metra frá landi þegar vélin stöðvaðist;
- að slagsíða kom á bátinn en tveir 350 lítra olíutankar voru í bátinum og opið var inn á þá báða. Um 100 lítrar voru eftir í hvorum olíutank en þegar halli kom á bátinn, undan vindi, rann olían yfir í bakborðsolíutankinn. Við það jókst hallinn enn meira þar til að stjórnborðsolíutankurinn tæmdist og eldsneytisfæðidælan fór að draga loft;
- að 400 lítrar voru á olíutönkunum í upphafi ferðar;
- að akkeri var sett út sem náði góðri festu og kom í veg fyrir að bátinn ræki upp;
- að gerðar voru breytingar á fæðiolúkerfinu eftir atvikið þannig að olían getur ekki runnið hindrunarlaust á milli olíutanka.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að opið var á milli olíutankana.